



---

# Fundargerð stjórnar HSÍ

Miðvikudaginn 15. desember 2021



## Áttundi fundur 64 stjórnar HSÍ var haldinn í á skrifstofu HSÍ, miðvikudaginn 15. desember 2021 kl. 12.00.

Mættir voru Alfreð Örn Finnsson, Arnar Þorkelsson, Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Kristín Þórðardóttir, Páll Þórólfsson og Reynir Stefánsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Davíð B. Gíslason, Hrafnhildur Ósk Skúladóttir, Inga Lilja Lárusdóttir og Jón Viðar Stefánsson.

Fjarverandi: Engin

### Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar  
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. 10 mánaða uppgjör  
AÞ kynnti 10 mánaða uppgjör. Reiknað er með að það verði um 10 milljóna króna tap á árinu sem má að mestu reka til aukins kostnað við landsliðsstarf sökum sóttvarnarreglna hér á landi vegna Covid 19.
3. Skýrsla framkvæmdastjóra og formanns
  - a. A landslið karla – EM í janúar  
RG kynnti verkefni A landslið karla í janúar. Leiknir verða 2 landsleikir við Litháen 7. og 9. Janúar og liðið heldur að landi brott 11. Janúar. Hópurinn verður tilkynntur í kringum hátíðarnar en valinn verður 20 manna hópur sem fer allur til Ungverjalands en heimilt er að vera með 20 leikmenn á skýrslu.
  - b. A landslið kvenna – Æfingarmót í Tékklandi  
A og B landslið kvenna fóru Tékklands í nóvember og léku þar á æfingarmótum. Ferðin gekk vel og fengu leikmenn og þjálfarar mikið út úr ferðinni. Þá fór u17 til Serbíu og tapaði þar í úrslitaleik fyrir Serbíu um laust sæti í 1. deild Evrópumótsins. Aðstæður hefðu mátt vera betri og voru gerðar athugasemdir við þær og var íslenska liðið flutt á milli hótela.
  - c. Styrktaraðilar  
RG kynnti stöðu styrktaraðila en skrifa þarf undir nýja samninga og endurnýjanir fyrir mót í janúar.
4. Skýrsla úttektarnefndar ÍSÍ  
GBO rakti innihald skýrslu úttektarnefndar ÍSÍ varðandi úttekt á viðbrögðum og málsmeðferð KSÍ vegna kvartana og ábendinga sem KSÍ hafa borist um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi 2010-2021. Skerpa þarf á innhúsreglum varðandi ferla hjá HSÍ og hver tekur við hvaða kvörtunum. Í skýrslunni er bent á að sérsamböndin þurfi að búa sér til viðmið um hvenær og undir hvaða kringumstæðum meintir gerendur eru teknir til baka í starf íþróttahreyfingarinnar. Miklar umræður voru um hvaða leiðir eru færar og verður málefnið unnið áfram milli funda.
5. Starfsmannamál  
Ákveðið var að bíða með ráðningu nýs mótastjóra og munu verkefni hans skiptast á aðra starfsmenn sambandsins tímabundið.
6. Handknattleiksfólk ársins 2021  
Tilnefning kom með Ómar Inga Magnússon og Rut Arnfjörð Jónsdóttir. Stjórn HSÍ samþykkti samhljóða tilnefninguna.



## 7. Skýrslur nefnda

Landsliðsnefnd karla – Rætt um stöðu karlalandsliðsins og framtíðarsýn.

Landsliðsnefnd kvenna – Starf landsliðsnefndar kvenna hefur gengið vel og er ákall frá nefndinni um að auka markvarðarþjálfun hjá yngri landsliðum og beðið um að skoða hvort hægt sé að vera með sérstakt námskeið fyrir markmenn.

Dómaranefnd HSÍ – Starf dómaranefndar hefur gengið vel en ljóst að endurnýjunar er þörf bæði hjá dómurum og eftirlitsmönnum þar sem fyrirséð að hópurinn geti þynnst næstu ár.

Mótanefnd HSÍ – Starf mótanefndar hefur gengið sinn vanagang í vetur og hafa fundir mótanefndar farið fram rafrænt.

Yfirferð yfir skýrslu fræðslu- og útbreiðslunefndar verður frestað til næsta fundar.

## 8. Önnur mál

Athugasemd barst frá Hkd. FH varðandi tímabundna undanþágu sem stjórn veitti ÍBV varðandi fjölda leikmanna sem mega ganga á milli aðalliðs og u liðs. Stjórn HSÍ stendur við fyrri ákvörðun sína og mun RG útbúa svarbréf til handa FH.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari